

12. OKTÓBER
2023

HARPA
ELDBORG

Eldbjörg og Tortelíer

GUL TONLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Forleikur 8´

Konsert 34´

Nostalgie 7´

Sinfónía 33´

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Eldbjörg og Tortelier

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 12. OKTÓBER KL 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Yan Pascal Tortelier

hljómsveitarstjóri

Eldbjörg Hemsing

einleikari

Gabriel Fauré

Forleikur að Pénélope (1912)

Jean Sibelius

Fiðlukonsert í d-moll, op. 47 (1904/1905)

Allegro moderato

Adagio di molto

Allegro, ma non tanto

Hlé

Yan Pascal Tortelier

Nostalgie fyrir fiðlu og hljómsveit, heimsfrumflutningur (2023)

Ernest Chausson

Sinfónía í B-dúr, op. 20 (1890)

Lent - Allegro Vivo

Très Lent

Animé

For information in English about tonight 's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Yan Pascal Tortelier

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Yan Pascal Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistar-fjölskyldu. Hann hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfræði og kontrapunkti hjá Nadiu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Konservatoríð í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveitinni í Lundúnum. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Accademia Chigiana í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarhljómsveitarstjóri Þjóðarhljómsveitarinnar í Capitole de Toulouse. Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-Fílharmóníuhljómsveitarinnar á árunum 1992–2003. Hann var aðalgestastjórnandi Pittsburgh-Sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011. Þá var hann aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 2016–2019.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar þar á meðal Sinfóníuhljómsveitinni í Lundúnum, Fílharmóníuhljómsveitinni í Lundúnum, Parísarhljómsveitinni, Konunglegu Concertgebouw hljómsveitinni, Tékknesku Fílharmóníunni, Fílharmóníuhljómsveitinni í St. Pétursborg, Fílharmóníu í Osló, Fílharmóníuhljómsveit Scala-óperunnar í Mílanó, Fíladelfíuhljómsveitinni, Fílharmóníuhljómsveit Los Angeles og sinfóníuhljómsveitunum í Boston, Chicago og Montreal.

Tortelier hefur um langt árabíll starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk, einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-Fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.



Eldbjørg Hemsing

EINLEIKARI

Eldbjørg Hemsing er í hópi fremstu fiðluleikara samtímans af yngri kynslóðinni. Á liðnu starfsári þreytti hún frumraun sína með hljómsveitinni Philharmonia í Lundúnum undir stjórn Santtu Matias-Rouvali og Þjóðarhljómsveit Ile de France sem hin eistneska Anu Tali stjórnaði í Philharmonie de Paris-tónleikahöllinni í framhaldi af tónleikaferðalagi þeirra um Frakkland. Nýlega lék hún fiðlukonsert nr. 2 eftir Anders Hillborg með Sinfóníuhljómsveitinni í Stavanger og kom í fyrsta sinn fram í Concertgebouw í Amsterdam þar sem hún lék fiðlukonsert Mendelssohns á Robeco Summer Nights hátíðinni. Sem kammermúsikant hefur hún undanfarið ferðast víða með Hemsing-Müller-Staffeld tríóinu sem samanstendur auk hennar af sellóleikaranum Daniel Müller-Schott og píanóleikaranum Martin Staffeld.

Eldbjørg Hemsing vinnur reglulega með þekktum hljómsveitum á borð við Filhamóníuhljómsveitirnar í Osló og Bergen, MDR sífóníuhljómsveitina í Leipzig, Sinfóníuhljómsveitina í Helsingborg sem og Filharmóníuhljómsveitirnar í Shanghai og Hong Kong. Þá er hún reglulegur gestur í þekktum tónleikasölum svo sem í Lincoln Center í New York, Kennedy Center í Washington, Wigmore Hall í London, Verbier Festival í Sviss og í Þjóðarlistamiðstöðinni í Beijing. Sumarið 2021 gerði Eldbjørg samning við Sony Classical útgáfuna og kom fyrsti hljómdiskurinn *Arctic* út 3. febrúar síðastliðinn. Fyrri útgáfa hennar með fiðlusónötum Griegs fyrir BIS útgáfuna vann Spellmann verðlaunin og var valinn diskur ársins í Noregi árið 2020. Miðpunktur annarrar plötunnar, *Fire Ritual*, er fiðlukonsert Tans Dun sem var skrifaður fyrir hana og hún frumflutti. Fyrsti geisladiskur Eldbjørgar skartaði aftur á móti fiðlukonserti eftir Hjalmar Bergström og fyrsta fiðlukonserti Dimitris Schostakovitsj sem hún hljóðritaði með Sinfóníuhljómsveitinni í Vínarborg undir stjórn Olari Elts.

Eldbjørg leikur á Antonio Stradivari „Rivaz, Baron Gutmann“ fiðlu með vinsamlegu leyfi Dextra Musica Foundation.



Tónlistin á Íslandi

Forleikurinn að Pénélope eftir Gabriel Fauré heyrir nú í fyrsta sinn á Íslandi í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Gabriel Fauré

FORLEIKUR AÐ PÉNÉLOPE

Gabriel Urbain Fauré (1845–1924) fæddist í suður-franska bænum Pamiers sem liggur nær rótum Pýreneaskagans. Tónlistarhæfileikar hans komu snemma í ljós og var hann sendur í tónlistarnám í París níu ára gamall þar sem hann stundaði nám í orgelleik og kórstjórn við kristilegan tónlistarskóla næstu ellefu árin. Meðal kennara hans þar var Camille Saint-Saëns og með þeim tókst ævilöng vinátta. Eftir lokapróf frá skólanum vann Fauré fyrir sér sem organisti og átti á næstu árum eftir að þjóna sem slíkur í mörgum af helstu kirkjum Parísarborgar. Rúmlega fimmtugur fékk hann prófessorsstöðu við Konservatoríð í París og 1905 var hann skipaður skólastjóri stofnunarinnar og gegndi hann stöðunni í fimmtán ár. Meðal nemenda Fauré við skólann voru Maurice Ravel, George Enescu og Nadia Boulanger. Tónskáldið Gabriel Fauré skildi eftir sig á annað hundrað tónsmíðar, þar á meðal tíu hljómsveitarverk og tvær óperur.

Árið 1907 var Fauré kynntur fyrir Wagnersöngkonunni Lucienne Bréval sem lét í ljós undrun sína yfir því að hann hefði ekki komið í verk að semja óperu. Í framhaldinu kynnti hún Fauré fyrir ungum rithöfund, René Fauchois, sem nýlega hafði samið leikrit byggt á Ódysseifskviðu og fjallar um endurkomu söguhetjunnar til Íþöku. Með þeim tókst samvinna en vegna anna tónskáldsins við Konservatoríð sóttist honum verkið seint enda sumrin eini tíminn sem gafst til tónsmíða. Óperan var loks frumflutt í Monte Carlo við frekar daufar undirtektir en frumflutningnum í París tveimur mánuðum síðar í Théâtre des Champs-Élysées 10. maí 1913 var vel tekið. Aðeins tæpum þremur vikum síðar var Vorblót Stravinskíjs frumflutt í sama húsi og féll ópera Faurés sem og flest annað í listalífi Parísar í skuggann af því sögufræga hneyksli. Nú á tímum ratar Pénélope sjaldan á fjalir óperuhúsa.



Jean Sibelius

FIÐLUKONSERT Í D-MOLL OP. 47

Johan Christian Julius Sibelius (1865–1957) fæddist í Hämeenlinna í Finnlandi. Hann eignaðist fiðlu þegar hann var tíu ára gamall og lét sig á unglingsárunum dreyma um að verða fiðluvirtúós. Þó að sá draumur rættist ekki var hann snjall fiðluleikari. Tvítugur hóf Sibelius framhaldsnám í tónsmíðum í Helsinki og tók sér um það leiti nafnið Jean. Að loknu námi árið 1889 fékk hann styrki til frekara náms, fyrst í Berlín og síðar í Vínarborg þar sem hann dvaldi veturinn 1890–91. Meðfram tónsmíðanáminu í Vín lék hann í háskólahljómsveitinni og spilaði meira að segja um stöðu fiðluleikara í Vínarfílharmóníunni, þó án árangurs.

Vínardvöl Sibeliusar markaði þáttaskil í tónskáldaferli hans en þar skrifaði hann sitt fyrsta stóra hljómsveitarverk og næstu fimmtán árin samdi hann mörg af þekktustu hljómsveitarverkum sínum, m.a. fyrstu tvær sínfóníurnar og fiðlukonsertinn. Konsertinn var upphaflega tileinkaður þýska fiðluleikaranum Willy Burmester sem lofaði að frumflytja hann í Berlín. Af fjárhagsástæðum ákvað Sibelius frumflutning í Helsinki og þar sem Burmester átti ekki heimangengt, kom í hlut ungverska fiðluleikarans Victors Nováček að frumflytja konsertinn 8. febrúar 1904 undir stjórn höfundarins. Fékk Nováček nauman tíma til undirbúnings og gekk þessi fyrsti flutningur vægast sagt illa. Sibelius gerði í framhaldinu meiri háttar lagfæringar á verkinu og var ný gerð konsertsins frumflutt í Berlín 19. október 1905. Í þetta sinn stjórnaði Richard Strauss flutningi Hirðhljómsveitar Berlínar (í dag Staatskapelle Berlin). Burmester hafði verið beðinn um að leika einleikshlutverkið, en sem fyrr var hann upptekinn. Lék leiðari hljómsveitarinnar Karel Halíf í hans stað. Móðgaðist Burmester og hét því að sniðganga konsertinn um aldur og ævi. Fór svo að Sibelius tileinkaði konsertinn hinu tólf ára ungverska undrabarni Ferenc von Vecsey. Sjálfur stjórnaði Sibelius seinni gerð konsertsins í fyrsta sinn í Stokkhólmi árið 1924 og á sömu tónleikum frumflutningi 7. sínfóníu sinnar.

Tónlistin á Íslandi

Fiðlukonsert Sibeliusar hefur hljómað oftar en 30 sinnum á tónleikum Sínfóníuhljómsveitar Íslands þar af nokkrum sinnum erlendis, meðal annars í Carnegie Hall í New York og í Tívalísal Kaupmannahafnar. Verkið var fyrst flutt á tónleikum hljómsveitarinnar í Þjóðleikhúsinu í mars 1959 og síðast í Eldborgarsal Hörpu einnig í mars 2020. Konsertmeistarar Sínfóníunnar hafa samtals sex sinnum leikið konsertinn, Guðný Guðmundsdóttir tvisvar og Sigrún Eðvaldsdóttir fjórum sinnum.



Yan Pascal Tortelier

NOSTALGIE

Um verk sitt segir Tortelier (f. 1947):

Fiðlan hefur verið svo stór hluti af lífi mínu (40 ár með fiðlu í höndunum!) þannig að þrátt fyrir að ég væri orðinn hljómsveitarstjóri, birtist þetta hljóðfæri mitt enn og aftur í mörgum draumum mínum. En nýlega tók ferlið nýja stefnu í formi hugmynda um tónverk, hugsanlega fyrir fiðlu og hljómsveit. Í framhaldinu reyndi ég að raða skissunum niður rétt eins og maður gerir í púsluspili - og eftir sex mánuði var púslan orðin að sjö mínútna löngu tónverki sem á einn eða annan veg endurspeglar líf mitt sem tónlistarmanns: hér er frönsk ást á fögrum hljófum, smá sveifla og að sjálfsögðu ósvikin, yfirgripsmikil laglína fyrir mína gamalkunnu og ástkæru fiðlu. Ég nefndi verkið Nostalgie. Mér er sérstök ánægja að frumflytja það með Eldbjörgu Hemsing og minni kæru Sinfóníuhljómsveit Íslands hér í Hörpu.



Tónlistin á Íslandi

Sinfónía í Bb-dúr eftir Ernest Chausson hefur aldrei áður verið flutt á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fiðlueinleiksverk hans Poème hljómaði aftur á móti síðast hér í Hörpu á tónleikum hljómsveitarinnar í maí 2017.

Ernest Chausson

SINFÓNÍA Í B-DÚR, OP. 20

Amédée Ernest Chausson (1855–1899) fæddist í París og ólst upp í faðmi velmegandi og ástríkrar fjölskyldu. Faðir hans var byggingaverktaki sem auðgaðist af verkefnum fyrir Baron Haussmann við endurbyggingu Parísarborgar á 6. áratug nítjándu aldar. Hann var listhneigður en kaus að ljúka lögfræðiprófi áður en hann sneri sér alfarið að tónlistinni. Settist hann á skólabeck hjá Jules Massenet í Konservatoríinu í París á tuttugasta og fimmta aldursári. Meðal samnemenda hans voru Henri Duparc, Vincent d'Indy, Joseph-Guy Ropartz og Sylvio Lazzari. Hann var í miklu uppáhaldi hjá Massenet sem lýsti honum sem fágætum persónuleika og sönnum listamanni. Chausson lærði einnig hjá César Franck og tókst með þeim nán vinátta sem varði þar til Franck lést árið 1890. Á árunum 1882 og 1883 fór hann til Bayreuth til að hlýða á óperur Wagners. Í fyrra skiptið í fylgd vinar síns, tónskáldsins Vincents d'Indy til að upplifa frumsýninguna á óperunni Parsifal. Í síðari ferðinni var ferðafélaginn tilvonandi eiginkona hans, Jeanne Escudier (1862–1936).

Frönsk tónskáld höfðu um langa hríð einbeitt sér að óperu-smíði og gefið „hreinni“ hljóðfæratónlist fremur lítinn gaum. Áhugi þeirra á slíkri list kom meðal annars til sem óvænt viðbragð úr þjóðernisátt eftir að Frakkar biðu lægri hlut í stríðinu við Prússland á árunum 1870–71. Fáeinum dögum eftir að prússneski herinn marseraði niður breiðgötuna Champs-Élysées stofnuðu frönsk tónskáld samtök sem báru heitið *Société Nationale de Musique*. (Þjóðar-tónlistarfélagið) og höfðu að einkunnarorðum *Ars gallica* - „frönsk list“. Markmiðið var að hvetja þarlend tónskáld til dáða, ekki síst í þeim greinum sem hingað til höfðu helst verið ríkjandi á verkaskrá þjóðverja: sinfóníum og sönötum, konsertum og kammertónlist. Yfirburðum sigurvegaranna á þessu sviði var með öðrum orðum ekki lengur tekið þegjandi og hljóðalaust. Með inn-göngu sinni í Konservatoríið var Chausson kominn mitt í

hringiðu þessarar hreyfingar og 1886 gerðist hann ritari Þjóðartónlistarfélagans og gegndi því starfi til æviloka.

Chausson lést aðeins 44 ára gamall af áverkum eftir reið-hjólalýs. Stuttu síðar skrifaði Camille Maclair eftirfarandi um vin sinn: „Þrátt fyrir hörmulegan dauða Chaussons hafði hann notið mikillar hamingju í lífinu. Hann var efnaður og umvafinn brosi fallegs lífsförunautar og fimm dásamlegra barna. Heimili hans var fullt af smekkvísi og list. Henry Lerolle hafði skreytt það með veggfóðri þar sem viðar-teinungar fléttuðust utan um ungar meyjar á ljóðrænan hátt. Þar var safn verka eftir Odilon Redon, Degas, Besnard, Pavis og Carrière. Hér bjó Chausson bakvið há gluggatjöld, einföld húsgögn, píanóin sín, raddskrár og bækur. Á borðinu hans sameinaðist fjölskyldan á ljósmyndum; elskulegur lítill heimur, ungar konur, gáfaðir menn, hver á sínum stað. Vinirnir sem oft eyddu kvöldinu í húsakynnunum á Boulevard de Courcelles komu úr hópi fremstu listamanna samtíðarinnar, þar á meðal tónskáldin Henri Duparc, César Franck, Claude Debussy og Isaac Albéniz, ljóðskáldið Stéphane Mallarmé, rússneski rithöfundurinn Ivan Turgenev og málarinn Claude Monet. En að þessum samkomum slepptum kaus Chausson félagsskap fárra vina...“

Chausson hóf smíði einu sífóníu sinnar í september 1889 og lauk henni desember 1890. Hún er skrifuð fyrir stóra hljómsveit; þrískipaða tréblásturssveit, fjóra trompeta, þrjár básúnur, túbu, pákur, slagverk og tvær hörpur auk strengjasveitarinnar. Var hún frumflutt undir stjórn höfundar á tónleikum Société Nationale de Musique í Érarð Salle 18. apríl 1891. Verkið náði þó ekki að snerta hjörtu Parísarbúa fyrr en ungerski hljómsveitarstjórinn Arthur Nikisch heim-sótti borgina ásamt Fílharmóníuhljómsveit Berlínar og flutti sífóníuna sex árum síðar eða í maí 1897. Hún er í þremur köflum og hefst á hægum og dökkmáluðum inngangi (Lent) sem rís og hnígur áður en rofar til með nýju glaðlegu stafi (Allegro vivo). Úr þessum efniviði vinnur svo tónskáldið á glæsilegan hátt og bætir í spennuna allt til enda kaflans. Hægi kaflinn (Trés lent) hefst á þriggja tóna rísandi stafi sem kallast á við upphaf sífóníunnar. Í miðhlutanum fá hin dekkri hljóðfæri, englahornið, hornin og víólurnar að blómstra. Lokakaflinn hefst af krafti í strengjum og með lúðrakalli. Dýnamísk og rytmísk spenna ræður svo ríkjum þar til málmblásararnir upphefja sálm sem byggður er á fyrsta stefinu og leggur grunn að hátíðlegu niðurlagi verksins.

Sigurður Ingvi Snorrason

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiöla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Zbigniew Dubik
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Justyna Bidler
Pétur Björnsson
Guðbjartur Hákonarson
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Hekla Finnsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Urh Mrak
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Helga Björg Ágústsdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Jacek Karwan

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Ragnhildur Jósefsdóttir
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Britta Cortabarría
Emilía Rán Benediktsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Øyvind Lapin Larsen

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigpór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfisdóttir
sviðs- og tæknimaður

*Kvika eignastýring veitir alhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring